

Bur

Eiríkur Rögnvaldsson, 15/09/2019

Tekið af heimasíðu Eiríks þann 17. september 2019:

http://uni.hi.is/eirikur/2019/09/15/bur/?fbclid=IwAR0dv3Rtey3W-hwTEdOffbqwK4S8xt96_JleIJN9M1IL4_RLdd_ZLiv-UJ0

Haustið 2015 efndu **Samtökin 78** til nýyrðasamkeppni sem var nefnd **Hýrýrði**. Í kynningu á keppninni var sagt: „Fjölmörg orð eru til í hinsegin orðaforðanum sem enn hafa ekki fengið íslenska þýðingu, en hinsegin hugtök og orð endurspeгла svo sannarlega þá breidd sem er til staðar í hinsegin samfélaginu. Það er mikilvægt að við getum öll talað um hinsegin reynslu og hinsegin líf á móðurmáli okkar.“ Meðal þeirra nýyrða sem óskað var eftir hugmyndum um voru „**Ókyngreind frændsemissorð**: Frænka/frændi – Kærasti/kærasta – Mamma/pabbi – Sonur/dóttir – Vinkona/vinur“.

Ein þeirra tillagna sem bárust í keppninni var að endurnýta orðið *bur* sem kynhlutlaust orð í kenninöfnum til hliðar við *–son* og *–dóttir*. Orðið *bur* er vissulega til fyrir í málinu og í **orðabókum** sagt merkja 'sonur' og vera karlkynsorð. Í þessari nýju notkun er gert ráð fyrir að orðið verði notað í hvorugkyni, með greini *buríð*, og merking þess víkki – verði 'barn, afkvæmi'. Dórnefnd keppinnar tók þessu orði fegins hendi og þetta var ein þeirra tillagna sem hún mælti sérstaklega með. Orðið hefur eitthvað verið notað síðan og var m.a. tekið inn í **frumvarp til laga um mannanöfn** sem lagt var fram á Alþingi haustið 2018 en ekki samþykkt.

Orðið *bur* er komið af sögninni *bera* og rótskylt mörgum orðum af sama merkingarsviði – *barn*, (*barns*)*burður*, (*tví*)*bur* o.fl. Merkingarlega er ekkert því til fyrirstöðu að gefa því þessa vikuðu merkingu. Orðið er ákaflega sjaldgæft – í **safni** formálsorðabókarinnar í Kaupmannahöfn sem tekur til óbundins máls eru aðeins sex dæmi um það, og þó í raun aðeins fjögur því að í tveimur tilvikum er um sömu setningu að ræða í tveimur textum. Annars var orðið einkum notað í **bundnu máli**, og í seinni tíma máli kemur það varla eða ekki fyrir nema í skáldskap. Það er því lítil hætta á að þessi merkingarvíkkun valdi ruglingi.

Það á sér líka vel þekkt og viðurkennd fordæmi að taka orð úr eldra máli sem ekki eru lengur notuð og gefa þeim nýja merkingu. Orðið *skjár* merkti áður 'eggsæ himna

í glugga, notuð í stað rúðu'. En eftir að gluggar af því tagi urðu úreltir var orðið lítið notað. Upp úr 1970 var svo stungið upp á því að nota orðið í stað tökuorðsins *skermur* eða *skermir* sem hafði verið notað sem þýðing á *screen* – talað var um bæði *sjónvarpsskerm(i)* og *tölvuskerm(i)*. Þetta orð sló strax í gegn þrátt fyrir andstöðu og nú er *skermur* nánast horfið úr málinu í þessari merkingu – þótt enn sé talað um *lampaskerma*.

Annað endurnýtt orð og ekki síður þekkt er *sími* sem var til en mjög sjaldgæft í fornu máli, einkum í hvorugkynsmyndinni *síma*, og merkti 'band, þráður'. Skömmu fyrir aldamótin 1900 var stungið upp á því að nota þetta ónýtta orð yfir nýjungina *telefón* sem Íslendingar voru þá farnir að fréttast af þótt fyrirbærið hefði enn ekki borist til landsins. Ákveðið var að orðið skyldi vera karlkynsorð og merkingunni hliðrað aðeins til – sem lá beint við á þessum tíma þegar megineinkenni símans var einmitt þráðurinn, símalínurnar sem voru lagðar milli landa og um allt land. Þetta orð sló líka fljótlega í gegn og *telefón* hvarf að mestu úr notkun á öðrum áratug 20. aldar. Hægt væri að nefna fleiri vel heppnuð dæmi um forn orð sem hafa verið fallin í gleysku en endurvakin í nýrri – en skyldri – merkingu. Þær breytingar sem þarf að gera á kyni og merkingu orðsins *bur* eru smávægilegar og eiga sér skýr fordæmi. Mér finnst *bur* sérlega vel til endurnýtingar fallið og vonast til að það komist í almenna notkun.